

Nd.

550. Nefndarátt

um frumvarp til laga um slysatryggingu sjómanna (þingskj. 407).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið og samþ. hefir verið í háttv. efri deild, hefir nefndin yfirfarið ítarlega á tveimur fundum sínum og orðið sammála um að mæla með því með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Ný grein bætist inn í frumvarpið á eftir 3. gr. og verður 4. gr., svo hljóðandi:

Nú forfallast slysatrygður skipverji og gengur ótrygður maður í skiprúm hans; skal þá skylt að tryggja þann skipverja, svo sem að framan greinir, meðan hann er í því skiprúmi, þó aldrei skemur en eina viku.

Útgerðarmaður eða skipstjóri tilkynnir tafarlaust skráningarstjórn eða hreppstjóra mannaskiftin, og ábyrgist útgerðarmaður iðgjaldsgreiðslu.

Alþingi, 21. ágúst 1917.

Sveinn Ólafsson, Pjetur Ottesen, B. R. Stefánsson.
form. og framsm. skrifari.

Matth. Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson.
með fyrirvara.